


Breyting á aðalskipulagi - borhola fyrir jarðsjó á Hauganesi



Gildandi skipulag



Breytt skipulag

Mkv.: 1:10.000

Sveitarstjórn Dalvíkurbyggðar hefur samþykkt erindi Ocean EcoFarm ehf. um að borað verði eftir jarðsjó fyrir eldisstöð fyrirtækisins nálægt tilraunaholu, sem boruð var við ströndina norðan hafnarinnar á Hauganesi.

Lóð fyrir borholu og lítið borholuhús verður afmörkuð með breytingu á deiliskipulagi svæðisins. Lóðin liggur að núverandi lóðum á hafnarsvæði og hefur engin eða óveruleg áhrif á aðliggjandi byggð. Lóðin verður um 433 m² miðað við drög að deiliskipulagsbreytingu og byggingarmagn verður allt að 50 m². Mannvirki munu ekki hindra för manna eftir ströndinni.

Breytingar á greinargerð

Engin efnisleg breyting er gerð á greinargerð aðalskipulagsins en skýringarbókstaf bætt við í töflu í kafla 4.8. Iðnaðarsvæði: B táknað svæði fyrir borholur.

Breytingar á skipulagsuppdrætti

Sérhæft iðnaðarsvæði fyrir borholu merkt með hringtákn og B er sett við ströndina á norðausturjaðri hafnarsvæðisins á Hauganesi.

Bætt er við skýringum fyrir dælustöðvar (D) og borholur (B) sem merktar eru sem iðnaðarsvæði með hringtákn.

Umhverfismatsskýrsla

a) Yfirlit

Sjá inngang.

b) Líkleg umhverfisáhrif

Fyrirhuguð borhola hefur hvorki áhrif á vistkerfi, sem njóta sérstakrar verndar, né menningarmínjar.

- Breytingin hefur engin áhrif á aðra landnotkun.
- Breytingin er umfangslítill, þ.e. hefur ekki áhrif á stórt svæði.
- Breytingin er ekki líkleg til að hafa áhrif á aðra aðila.

Fyrirhuguð borhola verður við ströndina ofan lágra sjávarklappa. Mannvirki munu ekki skerða almannarétt til útveru og útivistar við ströndina.

c) Raunhæfir valkostir

Staðsetning ræðst af nálægð við þá starfsemi sem borholan mun þjóna og niðurstöðum tilraunaborunar.

Líðir d) – f) sbr. 14. gr. laga um umhverfismat framkvæmda og áætlaða nr. 111/2021 eiga ekki við.

Breytingin er talin óveruleg miðað við viðmið í 2. mgr. 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

LANDNOTKUN

- Þéttbýli, þéttbýlismörk
- Íbúðarsvæði
- S Svæði fyrir þjónustustofnanir
- M Svæði fyrir þjónustustofnanir
- V Verslunar- og þjónustusvæði
- A Athafnasvæði
- I Iðnaðarsvæði
- H Hafnarsvæði
- L1 Landbúnaðarsvæði L1
- L2 Landbúnaðarsvæði L2
- L Landbúnaðarsvæði, sérákvæði
- F Fristundabyggð
- O Opin svæði til sérstakra nota
- Óbyggð svæði
- Blönduð landnotkun
- Efnistökusvæði
- ⊙ Merking landnotkunarreita
- Landfyllingar
- TAKMÖRKUN Á LANDNOTKUN
- Hverfisverndarsvæði
- Náttúruverndarsvæði: Fólkvangur, friðland
- Svæði á Náttúruminjaskrá
- Vatnsverndarsvæði
- Brunnsvæði
- Grannsvæði
- Fjarsvæði
- M Formínjar
- Formínjar, minjasvæði
- Formínjar, Sveitarlangur
- Lárétt hönnunarhröðun í jarðskjálftum

SAMGÖNGUKERFI

- Stofnbraut
- Stofnbraut, jarðgöng
- Tengivegur / tengibraut
- Aðrir vegir / safngata
- ... Aðal göngu- og hjólastígar
- ... Megin útivistarstígar
- ... Reiðleið
- STOFNLAGNIR VEITUKERFA
- Rafveita, loftlína
- Rafveita, flutningslína, helgunarsvæði
- Rafveita, jarðstrengur
- Hitaveita
- Vatnsveita
- Ljósleiðari
- Fráveita, útrás
- ADRAR SKÝRINGAR
- ⊙ Dælustöðvar
- ⊙ Borholur

Aðalskipulagsbreyting þessi sem er óveruleg sbr. ákvæði 2. mgr. 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 var samþykkt í bæjarstjórn Dalvíkurbyggðar þann _____

_____ bæjarstjóri

Afgreiðsla bæjarstjórnar var auglýst þann _____

Aðalskipulagsbreyting þessi var staðfest af Skipulagsstofnun í samræmi við 2. mgr. 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 þann _____

AÐALSKIPULAG DALVÍKURBYGGÐAR 2008-2020 ÞÉTTBÝLISUPPDRAÐTTR



Framkvæmdasvið
Dalvíkurbyggðar

Mælikvarði A3: 1:10.000

BREYTING
Borhola fyrir jarðsjó
á Hauganesi

8.4.2024



TEIKNISTOFA ARKITEKTA

KAUPANGI V/MYRARVEG
600 AKUREYRI
SMÍ 461 5508
NETFANG: arn@teikna.is